

Nd.

347. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

Greinargerð.

Hér er átt við innlenda stofnun hliðstæða því í líftryggingum, sem Brunabótafélag Íslands er hvað brunatryggingar snertir. Hér starfa að visu mörg lífsábyrgðarfélög, öll útlend, en telja má mjög líklegt, að nægilegt starfssvið sé til fyrir innlent félag, sem ríkið tæki ábyrgð á hér, líkt og á sér stað í Danmörku með eitt félag þar, nefnilega Statsanstalten for Livsforsikring. Sú stofnun er hin eina á því sviði í Danmörku, sem ríkið tekur ábyrgð á.

Sérstaklega virðist tvennt geta áunnizt við það, að ríkistryggð lífsábyrgðarstofnun starfi hér á landi, það annað, að hinir tryggðu hefðu hið fyllsta öryggi fyrir tryggingum sínum, og hitt, að þeir sjóðir, er smátt og smátt myndu þannig safnast, yrðu kyrrir í landinu, og er það mikilsvert í þessu peningalitra landi.

Almennt mun álitid, að nauðsyn sé á því, að sem flestir tryggi líf sitt, og er líklegt, að það yrði mjög til að örva menn í þessum efnum að eiga aðgang að tryggri innlendri stofnun, sem byði jafngild kjör og hinar útlendu, sem hér starfa.

Auðvitað yrði innlend líftryggingarstofnun, slik sem hér um ræðir, að hafa eins fjölbreyttar tryggingar á boðstólum eins og önnur félög, sem hér starfa. Mundi lífsábyrgðarstofnunin danska, sú er hér að ofan ræðir um, geta verið til fyrirmyndar, þó víða yrði að breyta til um skipulag að því er okkur snertir, vegna annara staðháttu.